

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Margréti Halldórsdóttur sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs
Dags. 12. apríl 2019
Mnr. 2018080037



ÍSAFJARÐARBÆR

Niðurstöður myglurannsóknar í GS og Tjarnabæ

Í mars voru tekin nokkur sýni í Grunnskólanum á Suðureyri og leikskólanum Tjarnabæ. Niðurstöður bárust þriðjudaginn 9. apríl og eru á þá leið að mygla mælist í einni skólastofu í GS og í þakvirki leikskólans.

Strax var virkjað teymi líkt og þegar svipað ástand kom upp í GÍ og hefur það unnið mjög vel. Notast hefur verið við Workplace þar sem allir sem eru að vinna í málinu hafa aðgang að öllum upplýsingum, samskipti geta farið fljótt og örugglega fram og allir upplýstir á sama tíma. Haldinn var starfsmannafundur í báðum skólunum 10. apríl og í framhaldi fór bréf heim til foreldra á þremur tungumálum auk þess sem túlkur hringdi í nokkur heimili sem hafa fjórða tungumálið að móðurmáli. Óhætt er að að hrósa starfsfólki skólanna og þeirra sem að þessu hafa komið fyrir fumlauðs vinnubrögð og yfirvegun. Nemendur GS sem hafa verið í umræddri skólastofu voru færðir á annað svæði í skólanum en ekki er ástæða til að færa nemendur úr Tjarnabæ að svo stöddu máli.

Stað viðgerða er sú að fara þarf í mjög miklar viðgerðir á þakinu á Tjarnabæ og verður það gert í sumarlokun leikskólans. Fram að þeim tíma verður lúgan upp á loftið loftþétt og öll umferð um loftið bönnuð. Settur verður upp blásari til að tryggja undirþrýsting í þakrými. Þar á að vera hægt að halda úti eðlilegu skólastarfi. Varðandi GS þá voru fyrirhugaðar viðgerðir á þaki skólans í sumar og þessa viðgerðir verða tengdar þeim. Skólastofan verður ekki í notkun fram á sumar.

MH